

af mannavöldum og frostum ber húseiganda að bæta. Ef maður rýfur inn-sigli vatnsmælis, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Verði vatnsmæli ekki komið fyrir án breytinga á vatnslögn hússins, er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á sinn kostnað. Vatnsveitan sjálf ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað. Ber húseiganda að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust um bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða þeirra var.

5. gr.

12. grein orðist þannig:

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 2. janúar ár hvert og ber að greiða skattinn á skrifstofu hreppsins. Aukavatnsskattur samkvæmt mæli greiðist í lok hvers árs-fjórðungs.

6. gr.

13. grein orðist þannig:

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari eru miðuð við fasteignamat 1972, og skulu þau breytast síðar, í samræmi við gildandi meðal-fasteignamat hvers rúmmetra húss, á hverjum tíma. Sveitarstjórnin getur hækkað og lækkað um allt að 50% fram-antalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðu-neytisins.

7. gr.

14. grein orðist þannig:

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi fyrir að lögum. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með sem opinber mál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. febrúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um holræsi í Hríseyjarhreppi.

1. gr.

Þegar Hríseyjarhreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði eða bar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er heim húseigendum, er þar eiga húseign að eða í námunda við og til holræsa geta náð, skvilt að leggja á sinn kostnað holræsi frá húsinu, er flytji allt skólþ frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, ef unnt er, leiða í ræsið eða sérstakt holræsi fyrir ofanjarðarvatn, ef gert er, samkvæmt fyrirmælum verk-stjóra. Vanræki einhver að láta gera nýtt holræsi eða endurnýja eldra, innan hæfi-legs frests, sem sveitarstjórn ákveður, getur hreppurinn látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Hríseyjarhreppur lætur leggja holræsa stúta út frá aðalræsi í nýjum götum, sem hann lætur gera eftir 1. janúar 1973. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu

að lóðarmörkum húsa. Heimlagirnir eru á kostnað húseiganda. Við raðhús eða fjölbýlishús skal um holræsastúta fara eftir nánari skilmálum um lóðaúthlutun.

3. gr.

Sveitarstjóri, verkstjóri og byggingarfulltrúi, undir yfirstjórn sveitarstjóra, fara með stjórn framkvæmda, er holræsakerfi kaupsinsins varðar. Heimilt er sveitarstjóra að fela sérstökum umsjónarmanni yfirstjórn holræsakerfisins. Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi sitt, skal fá samþykki umsjónarmanns þar til. Skal húseigandi leggja fram teikningar af fráfrensliskerfi sínu, ef krafist verður. Skylt er húseiganda að hlýða fyrirætlum umsjónarmanns á öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi starfsmenn hreppsins ávallt eftirlit með því, að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

4. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast kröfur byggingarsamþykktar, en auk þess getur byggingarnefnd sett reglur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseiganda, þar sem ástæða þykir til.

5. gr.

Bannað er að láta renna í holræsakerfið sýrur, olíur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun.

6. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði, en til að standast þann kostnað, er húseigendum, sem hús eiga við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, skylt að greiða árlega holræsagjald, sem nemur 0.10% af hinu opinbera fasteignamati húss eins og það er reiknað á hverjum tíma. Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds. Gjald þetta getur sveitarstjórnin hækkað um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

7. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart sveitarsjóði. Kröfur, sem sveitarsjóður kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga, með fasteignamatsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjaldldagi holræsagjalds er 2. janúar ár hvert.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. febrúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.